

Fundargerð Stýrihóps um innleiðingu ISPS – kóða á Íslandi.

2. fundur 19. júní 2003 haldin í Samgönguráðuneytinu kl.15-17.

Mætt: Thomas Möller formaður, Ólafur J. Briem, Jón Þorvaldsson, Már Sveinbjörnsson, Gísli Viggósson, Kristján Vigfússon, Sigurbergur Björnsson, Stefán Eiríksson, Helga Jónsdóttir og Unnur Sverrisdóttir.

Formaðurinn fór yfir fundargerð síðasta fundar og rakti verkefni hópsins frá síðasta fundi. Hann þakkaði jafnframt Ólafi Briem mikinn áhuga og öflun gagna. Hafnarhópurinn hefur hist tvisvar og siglingahópurinn einu sinni. Hvor hópur um sig lagði fram lista yfir verkefni samkvæmt kóðanum. Sigurbergur benti á að nauðsynlegt væri að skilgreina gildissviðið, útbúa verklýsingu og kostnaðaráætlun. Formaður ítrekaði að stýrihópurinn mætti ekki missa sjónar á verkefni sínu samkvæmt skipunarbréfinu. Ólafur tók undir það, hópnum væri fyrst og fremst ætlað að koma með tillögur.

Stýrihópurinn var sammála því að beina þeim tilmælum til Siglingastofnunar að hún yrði viðbúin auknum verkefnum í kjölfar innleiðingar ISPS kóðans.

Ólafur sagði frá því að í Noregi hefðu komið upp vandamál þar sem ekki var ljóst hvaða ráðuneyti ætti að hafa forgöngu um innleiðingu kóðans þar í landi. Stefán Eiríksson sagði dómismálaráðuneytið ekki hafa í hyggju að yfirtaka verkefnið, þeirra hlutverk væri að vera tengiliðir við viðeigandi undirstofnanir s.s. lögreglu, Landhelgisgæslu osfrv.

Samþykkt var á fundinum að leita eftir megni til Noregs og Danmerkur um fyrirmyndir að innleiðingu.

Gísli Viggósson ætlaði að hafa samband við systurstofnanir Siglingastofnunar og Unnur Sverrisdóttir tók að sér að komast í samband við fólk innan ráðuneyta í Noregi sem væri að vinna að innleiðingu ISPS.

Ólafur Briem kynnti tilhögun kynningarfundar. Ákveðið var að halda hann í Rúgbrauðsgerðinni 26. júní kl. 15 – 17. Jafnframt var ákveðið að senda fundarboðið daginn eftir og tók Ólafur að sér að útbúa lista yfir væntanlega boðsgesti og koma til samgönguráðuneytis. Samþykkt var að fá Ragnhildi Hjaltadóttur til að setja fundinn og Jón Bernóðsson verkfræðing hjá Siglingastofnun, til að vera fundarstóri.

Formaður lagði til að stýrihópurinn hittist eftir kynningarfundinn og var það samþykkt. Formaður lagði til að unnið yrði í tveimur hópum áfram og að stefna bæri að næsta fundi eftir sumarfrí þann 11. ágúst n.k. kl. 15. Þar munu hóparnir kynna þá vinnu sem þá hefur farið fram m.t.t. þeirra spurninga sem vakna á kynningarfundinum.

Til að auðvelda aðgang að gögnum var ákveðið að setja slóð á heimasíðu samgönguráðuneytisins þar sem finna má þýðingu kóðans, fundargerðir ofl. sem að gagni má koma.

Stefán vakti athygli á því að vinna þyrfti drög að þingsályktunartillögu fyrir Alþingi og kanna hugsanlegar lagabreytingar vegna innleiðingarinnar.

Samþykkt að stefna að útgáfu áfangaskýrslu hópsins fyrir miðjan september.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.
Fundargerð ritaði Unnur Sverrisdóttir.